



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Alþingi
Umhverfisstofnun
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 9. ágúst 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn vatnamála, 651. mál

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök ferðaþjónustunnar og Landssamband íslenskra útvegsmanna skila sameiginlegri umsögn um frumvarpið en með því er ætlunin að lögfesta ákvæði svokallaðrar vatnatilskipunar Evrópusambandsins (EB/2000/60). Í tilskipuninni felst að stjórnvöld setji upp víðtæka áætlunargerð til að vernda gæði vatns. Þar er um að ræða vatnastjórnunaráætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Við þessa vinnu er rétt að leggja áherslu á að aðstæður hér á landi eru allt aðrar en í flestum löndum Evrópu og nauðsynlegt að framkvæmd laganna verði einföld og hagkvæm.

Gert er ráð fyrir að stofnað verði vatnaráð sem móti stefnu um stjórn vatnamála þar sem meðal annars sveitarfélög eiga tvo fulltrúa. Því er rétt að benda á að samkvæmt frumvarpinu munu lögin ná yfir allan strandsjó og langt út fyrir valdmörk sveitarfélaga. Meðal annars munu ákvæði laganna ná yfir allan Faxaflóa og Húnaflóa. Hér verða því gríðarmikil hafsvæði undir og er eindregið lagt til að þessi mörk verði endurskoðuð þannig að þau fylgi betur ströndum landsins og verði þannig í meira samræmi við það sem gildir í Evrópu. Hér verða því gríðarmikil hafsvæði undir og er eindregið lagt til að þessi mörk verði endurskoðuð þannig að þau fylgi netlögum og ströndum landsins.

Samkvæmt frumvarpinu (28. gr.) virðist sem ætlunin sé að vatnastjórnunaráætlun verði sett skör hærra en aðrar áætlanir stjórnvalda hvort sem um er að ræða áætlanir sem samþykktar eru af Alþingi eða sveitarstjórnnum. Þetta getur skapað óvissu sérstaklega þegar ákvæði annarra laga kveða einnig á um að áætlanir samkvæmt þeim skuli bindandi við gerð skipulagsáætlana. Nægir í þessu sambandi að benda á 7. gr. frumvarps til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða (660. mál) sem nú er til umfjöllunar á Alþingi.

Í sömu grein (28. gr.) er ákvæði um að endurskoða skuli þegar útgefin leyfi gefi umhverfismarkmið tilefni til þess. Lögð er áhersla á að leyfishafa gefist rúmur tími til að laga starfsemi sína að slíkum nýjum kröfum.

Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um fjármögnun vegna kostnaðar við framkvæmd laganna. Þar er lagt til að fjármögnun verði með sérstakri gjaldtöku á atvinnulíf. Þessu er harðlega mótmælt. Í greinargerð er rætt um gjaldtöku á atvinnurekstur í samræmi við það sem kallað er mengunarbóta regla og nytjagreiðsluregla. Í þessu sambandi er rétt að benda á að stærstur hluti vatna á Íslandi fellur til sjávar án þess að atvinnurekstur komi þar nærri. Ekki er því hægt að rökstyðja gjaldtöku af þessu tagi með mengunarbóta reglu eða nytjagreiðslureglu. Engin leið er til þess að leggja sérstök gjöld á fyrirtæki landsins til þess að tryggja eftirlit, vöktun og umhverfismarkmið vatna sem þau hafa ekki áhrif á. Stærstur hluti kostnaðar vegna laga um stjórn vatnamála mun lenda á ríkissjóði. Mestur hluti atvinnurekstrar í landinu greiðir nú þegar fyrir vatnsnot samkvæmt því magni sem notað er. Þar sem um er að ræða að mengun stafí af atvinnurekstri er nauðsynlegt að mengunarbóta reglunni verði beitt þannig að dragi úr mengun þá minnki samtímis þau gjöld sem fyrirtækin greiða. Engri mengun fylgja engar greiðslur. Þannig er mengunarbóta reglunni beitt til að ná fram bættri umgengni við náttúruna.

Samtök atvinnulífsins áttu fulltrúa í nefnd þeirri sem frumvarpið samdi og almennt ríkti góð samstaða um efni þess.

Virðingarfyllst,


F.h. Samtaka atvinnulífsins


Vilhjálmur Egilsson


F.h Samtaka iðnaðarins


Bryndís Skúladóttir

F.h.. Samtaka ferðaþjónustunnar


Gunnar Valur Sveinsson

F. h. Landssambands íslenskra útvegsmanna


Friðrik Friðriksson